



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

639. stjórnarfundur þriðjudaginn 13. maí 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Guðmundur Steinarsson, Jónína Steinunn Helgadóttir og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Garðar Örn Arnarson og Stefán Guðjónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá formanni íþróttauppbýgginganefndar varðandi hugsanleg næstu skref í uppbyggingu vestan Nettóhallar. Nýjar hugmyndir komnar á borðið sem stjórnarfólki hugnast ekki.

3. Send bréf

Engin ný bréf.

4. Þorrablot Keflavíkur

Framkvæmdastjóri Keflavíkur og formenn knattspurnu- og körfuknattleiksdeildar þeir Böðvar og Magnús munu hittast næsta fimmtudag og fara yfir næstu skref þorrablótnefndar.

5. Uppbygging íþróttamannvirkja

Framkvæmdastjóri fór yfir tölvupóst frá nefndinni sem stýrir verkefninu. Nefndin hefur sett fram nýja tillögu sem stjórnarfólki hugnast ekki. Aðalstjórn styður fyrri tillögu.

6. Rekstrarstjóri körfuknattleiksdeildar

Staða rekstrarstjóra körfuknattleiksdeildar var auglýst til umsóknar í síðustu viku. Umsóknarfrestur er til 19. maí nk. Aðalstjórn hvetjur áhugasama til að sækja um.

7. Veðmál íþróttaviðburða

Framkvæmdastjóri sagði frá ráðstefnu sem hann sat er varðaði veðmál íþróttaviðburða og spilafíkn. Mikil aukning er á þátttöku ungs fólks.

8. Starfsmerki UMFÍ

Aðalstjórn samþykkti að tilnefna tvo Keflvíkings til að fá starfsmerki UMFÍ á þingi Bandalagsins.

9. Ársþing ÍRB

Ársþing ÍRB verður haldið þriðjudaginn 27. maí nk. kl 20 í íþróttakademíunni. Stjórnarfolk er hvatt til að mæta.

10. Önnur mál

- A. Eldhúsið í félagsheimilinu. Kominn tími á ýmsa hluti þar inni.
- B. Umræða um rafrettur og nikótínþúða. Á síðasta fundi var ákveðið að framkvæmdastjóri sendi áskorun til ÍSÍ og UMFÍ að vera með forvarnarátak. UMFÍ var með vorfund um liðna helgi þar sem þessi mál voru tekin fyrir. Stjórnarfolk sammála um að vera með einn fræðsludag á ári og fá þá alla þjálfara og stjórnarfolk til að mæta á fyrirlestra. Væri gott að vera með áherslu á forvarnir á fyrsta fræðsludegi.
- C. Athuga hvort henti að vera með formanna- og gjaldkerafund fimmtudaginn 22. maí kl.18:00.

Fundi lokið kl. 18:15.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 3. júní kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.